

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2020  
UST202011-242/B.S.  
10.05.03

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Krýsuvíkurvegur –  
Hvassahraun. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Um er að ræða breikkun Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði og fallið er frá fyrri hugmyndum um að leggja veginn í sveig sunnan álversins í Straumsvík.

Framkvæmdin verður í hrauni sem þegar hefur verið raskað og mun liggja nærri Straumstjörnum. Hafrannsóknarstofnun hefur lýst áhyggjum vegna mögulegar áhrifa á tjarnirnar. Eftirfarandi kemur fram í greinargerð: „Til að koma í veg fyrir að tjarnirnar verði fyrir raski er fyrirhugað að hlaða kantinn upp með grjóti og setja vegrið á veginn í stað þess að hafa fláa út í tjarnirnar. Þegar nákvæm útfærsla liggur fyrir mun Vegagerðin greina Hafrannsóknastofnun frá fyrirkomulagi aðreinarinnar og bráðabirgðavegarins að Straumi með hliðsjón af tjörnunum. Þá mun Vegagerðin láta gera rannsókn á dýralífi í tjörnunum og meta áhrif framkvæmdarinnar á það.“

Að mati Umhverfisstofnunar er jákvætt að slíkar ábendingar og viðbrögð komi fram svo snemma í ferlinu.

Stofnunin telur að í tillögunni sé fjallað með fullnægjandi hætti um þá umhverfisþætti sem helstu máli skipta og hvaða rannsóknir fyrirhugað sé að ráðast í vegna mögulegra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur